Forvarnarstefna og forvarnaráætlun

Grunnskóli Grundarfjarðar 2026–2029

Efnisyfirlit

Gildissvið og ábyrgð 2
Markmið 2
Grundvallarsjónarmið 2
Þrjú stig forvarna 3
Almennar forvarnir 3
Markvissar forvarnir 3
Einstaklingsbundin viðbrögð 3
Starfshættir í forvarnarmálum 3
Helstu viðfangsefni 4
0.6.1 Geðrækt, líðan og sjálfsskaði 4
Einelti, ofbeldi, áreitni og félagsleg einangrun 4
Kynheilbrigði, mörk og samþykki 4
Netöryggi og stafræn velferð 4
Vímuefni, nikótín og önnur fíknhegðun 5
Heilbrigðar lífsvenjur 5
Viðbrögð þegar áhyggjur vakna 5
Framkvæmdaáætlun 2026–2027 5
Samstarf og stuðningsaðilar 7
Mat og endurskoðun 7
Tengd skjöl 8
Samþykkt og gildistími ..... **Error! Bookmark not defined.**
Heimildir og lagagrundvöllur 8

Gildissvið og ábyrgð

Forvarnarstefna og forvarnaráætlun þessi gildir fyrir allt starf Grunnskóla Grundarfjarðar. Hún nær til nemenda, starfsfólks og þess starfs sem fram fer á vegum skólans. Stefnan er hluti af skólanámskrá og skal vera aðgengileg starfsfólki, nemendum og foreldrum.

Skólastjóri ber ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt og að hún sé endurskoðuð reglulega. Allt starfsfólk ber ábyrgð á að vinna samkvæmt henni, fylgjast með velferð nemenda og bregðast við áhyggjum. Umsjónarkennarar hafa lykilhlutverk í daglegri eftirfylgni og samskiptum við heimili. Náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, nemendaverndarráð og aðrir sérfræðingar veita ráðgjöf og stuðning eftir því sem við á.

Áætlunin er unnin með hliðsjón af lögum um grunnskóla nr. 91/2008, barnaverndarlögum nr. 80/2002, aðalnámskrá grunnskóla og öðrum reglum sem gilda um öryggi, velferð og réttindi barna.

Markmið

Markmið forvarnarstarfs skólans er að:

- stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda;
- efla jákvæða sjálfsmynd, sjálfsábyrgð, félagsfærni og seiglu;
- skapa öruggt, inngildandi og heilsueflandi námsumhverfi;
- efla heilbrigðar lífsvenjur og ábyrga ákvarðanatöku;
- koma í veg fyrir einelti, ofbeldi, áreitni, félagslega einangrun og mismunun;
- stuðla að öruggri og ábyrgri notkun stafrænna miðla;
- draga úr líkum á notkun áfengis, tóbaks, nikótínvara og annarra vímuefna og vinna gegn skaðlegri fíknhegðun;
- tryggja snemmtækan stuðning þegar merki eru um vanlíðan eða áhættu;
- efla samstarf heimila, skóla, félagsmiðstöðvarinnar Eden, heilbrigðisþjónustu og annarra aðila í nærumhverfinu.

Grundvallarsjónarmið

Forvarnir eru hluti af daglegu skólastarfi en ekki einungis einstök fræðsla eða viðburðir. Áhersla er lögð á jákvæðan skólabrag, traust samskipti, þátttöku nemenda og að börn viti hvert þau geti leitað eftir aðstoð.

Forvarnarstarfið tekur mið af aldri, þroska, þörfum og fjölbreyttum bakgrunni nemenda. Fræðsla skal vera málefnaleg, gagnreynd og án fordóma. Ekki er byggt á staðalmyndum um útlit, áhugamál, tónlistarsmekk, menningu eða lífsstíl sem vísbendingum um vanda.

Viðbrögð skulu vera í samræmi við meðalhóf, trúnað og réttindi nemenda. Upplýsingum um einstaka nemendur er aðeins miðlað til þeirra sem þurfa þær vegna starfs síns og samkvæmt gildandi reglum um þagnarskyldu, persónuvernd og farsæld barna.

Þrjú stig forvarna

Almennar forvarnir

Almennar forvarnir ná til allra nemenda og eru samþættar námi, samskiptum og skólabrag. Þær fela meðal annars í sér félags- og tilfinningafærni, heilsufræðslu, hreyfingu, netöryggi, kynheilbrigði, jafnrétti, fræðslu um mörk og samþykki og varnir gegn vímuefnum og annarri fíknhegðun.

Markvissar forvarnir

Markvissar forvarnir beinast að nemendum eða hópum sem þurfa tímabundinn eða aukinn stuðning. Stuðningur getur meðal annars falist í viðtölum, félagsfærniþjálfun, námsráðgjöf, auknu samstarfi við foreldra eða ráðgjöf sérfræðinga.

Einstaklingsbundin viðbrögð

Þegar áhyggjur vakna af velferð eða öryggi nemanda er brugðist við án óþarfa tafa. Aðstæður eru metnar, rætt við nemandann á viðeigandi hátt og foreldrar upplýstir nema hagsmunir eða öryggi barnsins mæli gegn því. Máli er vísað til stjórnenda, nemendaverndarráðs, skólaþjónustu, heilbrigðisþjónustu eða barnaverndar eftir eðli og alvarleika þess.

Starfshættir í forvarnarmálum

Skólinn vinnur að forvörnum með eftirfarandi hætti:

1. **Jákvæður skólabragur:** Starfsfólk vinnur markvisst að öryggi, virðingu, inngildingu og góðum samskiptum í öllu skólastarfi.
2. **Aldursmiðuð fræðsla:** Forvarnarfræðsla er skipulögð eftir aldri og þroska og tengd hæfniviðmiðum aðalnámskrár.
3. **Snemmtæk greining og stuðningur:** Umsjónarkennarar og annað starfsfólk fylgjast með mætingu, líðan, samskiptum og breytingum á hegðun eða námsþátttöku.
4. **Aðgengi að stuðningi:** Nemendur geta leitað til umsjónarkennara, stjórnenda, náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðings eða annars starfsmanns sem þeir treysta.

5. **Samstarf við heimili:** Foreldrar fá upplýsingar um forvarnarstarf og haft er samband þegar áhyggjur vakna af velferð eða hegðun barns.
6. **Þverfaglegt samstarf:** Skólinn vinnur með Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, heilsugæslu, barnaverndarþjónustu, lögreglu, félagsmiðstöðinni Eden og öðrum viðeigandi aðilum.
7. **Nemendalýðræði:** Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda um líðan, öryggi og skólabrag og þeim gefið tækifæri til að hafa áhrif á forvarnarstarfið.
8. **Skráning og eftirfylgni:** Atvik og viðbrögð eru skráð samkvæmt verklagi skólans. Árangur aðgerða er metinn og stuðningur endurskoðaður.

Helstu viðfangsefni

0.6.1 Geðrækt, líðan og sjálfsskaði

Skólinn leggur áherslu á að nemendur þekki eigin tilfinningar, kunni leiðir til að takast á við mótlæti og viti hvert þeir geti leitað. Merki um viðvarandi vanlíðan, félagslega einangrun, miklar breytingar á hegðun, vonleysi eða sjálfsskaðandi hegðun eru alltaf tekin alvarlega.

Ef grunur vaknar um sjálfsskaða eða sjálfsvígshættu skal starfsmaður tryggja að nemandinn sé ekki skilinn eftir einn, hafa strax samband við stjórnanda og fylgja viðbragðsferli skólans. Við bráða hættu er hringt í 112. Foreldrar eru upplýstir nema talið sé að það geti aukið hættu fyrir barnið. Tilkynnt er til barnaverndarþjónustu þegar skilyrði barnaverndarlaga eru uppfyllt.

Einelti, ofbeldi, áreitni og félagsleg einangrun

Einelti, ofbeldi, hótanir, kynferðisleg eða kynbundin áreitni og mismunun eru ekki liðin. Skólinn vinnur samkvæmt sérstakri eineltis- og samskiptaáætlun. Tilkynningar eru kannaðar án tafar, öryggi tryggt og haft samráð við nemendur og foreldra eftir því sem við á.

Kynheilbrigði, mörk og samþykki

Fræðsla um líkama, kynheilbrigði, mörk, samþykki og heilbrigð samskipti er aldursmiðuð og byggir á virðingu og jafnrétti. Nemendur fá upplýsingar um hvert þeir geti leitað ef þeir verða fyrir eða verða vitni að áreitni eða ofbeldi.

Netöryggi og stafræn velferð

Nemendur fá fræðslu um persónuvernd, samskipti á netinu, myndbirtingar, stafrænt samþykki, neteinelti, falsfréttir, skjátíma og áhættu tengda samfélagsmiðlum, tölvuleikjum og fjárhættuspilum. Skólinn vinnur með foreldrum að ábyrgri netnotkun og bregst við netatvikum sem hafa áhrif á öryggi eða skólastarf.

Vímuefni, nikótín og önnur fíknhegðun

Skólinn stuðlar að vímuefnalausu umhverfi. Fræðsla tekur til áfengis, tóbaks, rafretta, nikótínpúða, annarra vímuefna, lyfjanotkunar og hegðunarfíknar, svo sem net-, leikja- og fjárhættuspilavanda. Áhersla er lögð á gagnreyndar upplýsingar, félagslegan þrýsting, ákvarðanatöku og verndandi þætti.

Heilbrigðar lífsvenjur

Skólinn styður við hreyfingu, svefn, næringu, hvíld og jafnvægi í daglegu lífi. Heilbrigði er nálgað á jákvæðan og inngildandi hátt án útlitsmiðaðra skilaboða eða stimplunar.

Viðbrögð þegar áhyggjur vakna

Þegar starfsmaður fær upplýsingar eða verður var við merki um vanlíðan, ofbeldi, fíkn eða aðra áhættu skal hann:

- Hlusta af ró og virðingu og taka upplýsingar alvarlega.
- Meta hvort hætta sé bráð og tryggja tafarlaust öryggi.
- Skrá staðreyndir og orð barns eins nákvæmlega og unnt er án þess að yfirheyra.
- Upplýsa skólastjóra eða staðgengil og fylgja viðeigandi verklagi.
- Gæta trúnaðar og miðla aðeins nauðsynlegum upplýsingum.
- Hafa samráð við foreldra þegar það er barninu fyrir bestu og ekki talið geta aukið hættu.
- Leita ráðgjafar eða vísa málinu til nemendaverndarráðs og viðeigandi þjónustu.
- Tilkynna til barnaverndarþjónustu þegar ástæða er til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða stofni heilsu sinni eða annarra í alvarlega hættu.
- Ákveða ábyrgðaraðila og tíma fyrir eftirfylgni.
- Starfsmaður á ekki að lofa barni fullum trúnaði þegar upplýsingar varða mögulega hættu eða tilkynningarskyldu. Honum ber að útskýra á nærgætinn hátt að leita þurfi aðstoðar til að tryggja öryggi barnsins.

Framkvæmdaáætlun 2026–2027

Viðfangsefni	Aðgerðir	Hópur/tími	Ábyrgð	Mat og eftirfylgni
Skólabragur og félagsfærni	Bekkjarfundir, samskiptaþjálfun, vinna með	Allir árgangar, allt árið	Umsjónarkennarar	Líðankannanir, samtöl og skráning atvika

Viðfangsefni	Aðgerðir	Hópur/tími	Ábyrgð	Mat og eftirfylgni
	bekkjaranda og þátttöku			
Geðrækt og hjálparleit	Fræðsla um tilfinningar, bjargráð, seiglu og hvert megi leita	Aldursmiðað, allt árið	Kennarar, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur	Endurgjöf nemenda og eftirfylgni með líðan
Einelti og ofbeldi	Kynning á samskiptareglum, tilkynningarleiðum og viðbragðsáætlun	Allur skólinn, að hausti og eftir þörfum	Stjórnendur og umsjónarkennarar	Yfirferð tilkynninga og úrvinnslu
Kynheilbrigði, mörk og samþykki	Aldursmiðuð fræðsla samþætt námi og heilsuvernd	Eftir árgöngum samkvæmt námsáætlunum	Kennarar og skólahjúkrunarfræðingur	Endurgjöf og yfirferð námsáætlana
Netöryggi og stafræn ábyrgð	Fræðsla um samskipti, persónuvernd, myndbirtingar og neteinelti	Sérstök áhersla á mið- og unglingastig	Kennarar og eftir atvikum gestafyrirlesarar	Könnun og umræður með nemendum
Vímuefni og nikótín	Gagnreynd fræðsla um áhrif, félagslegan þrýsting og hjálparúrræði	Sérstök áhersla á 7.–10. bekk	Skólahjúkrunarfræðingur, náms- og starfsráðgjafi og kennarar	Endurgjöf nemenda og foreldra
Heilbrigðar lífsvenjur	Hreyfing, svefn, næring, hvíld og jafnvægi	Allir árgangar	Kennarar og skólahjúkrunarfræðingur	Umræður, kannanir og skólaheilsugögn eftir því sem heimilt er
Foreldra-samstarf	Upplýsingar og fræðsla um líðan,	Foreldrar, árlega og eftir þörfum	Stjórnendur í samstarfi við foreldrafélag og Eden	Mæting og endurgjöf foreldra

Viðfangsefni	Aðgerðir	Hópur/tími	Ábyrgð	Mat og eftirfylgni
	netnotkun, útivist og vímuvarnir			
Samstarf í nærumhverfi	Samráð og sameiginleg verkefni með Eden, heilsugæslu, skólaþjónustu og öðrum aðilum	Eftir þörfum, allt árið	Skólastjóri og tilgreindir tengiliðir	Árlegt yfirlit yfir samstarf og umbætur

Kennarar skrá nánari tímasetningu og útfærslu fræðslu í námsáætlanir. Ef fyrirhuguð fræðsla fellur niður skal leitast við að finna nýjan tíma eða sambærilega leið til að ná markmiðinu.

Samstarf og stuðningsaðilar

Forvarnarstarf skólans er unnið í samstarfi við heimili og eftir atvikum meðal annars:

- félagsmiðstöðina Eden;
- Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga;
- heilsugæslu og skólaheilsugæslu;
- barnaverndarþjónustu;
- lögreglu og neyðarþjónustu;
- foreldrafélag og nemendaráð;
- viðurkennda fræðslu- og ráðgjafaraðila.

Upplýsingar um þjónustu og gild símanúmer skulu birtar á heimasíðu skólans og yfirfarnar árlega. Í neyð skal alltaf hringja í 112. Hjálparsími Rauða krossins er 1717.

Mat og endurskoðun

Framkvæmd forvarnarstarfs er metin árlega með hliðsjón af:

- niðurstöðum kannana um líðan og skólabrag;
- upplýsingum um mætingu, samskipti og atvik;
- endurgjöf nemenda, foreldra og starfsfólks;
- framkvæmd þeirrar fræðslu sem áætluð var;
- reynslu af samstarfi við stuðningsaðila.

Skólastjóri leggur árlega mat á framkvæmd áætlunarinnar með starfsfólki og kynnir niðurstöður og fyrirhugaðar umbætur fyrir skólaráði. Stefnan skal tekin til formlegrar endurskoðunar eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti, en framkvæmdaáætlun og tengiliðaupplýsingar eru uppfærðar árlega.

Tengd skjöl

Stefnuna skal lesa með öðrum gildandi áætlunum og verklagsreglum skólans, meðal annars:

- skólanámskrá og starfsáætlun;
- skólareglum og stefnu um símanotkun;
- eineltis- og samskiptaáætlun;
- jafnréttisáætlun;
- viðbragðs- og öryggisáætlunum;
- verklagi um tilkynningarskyldu til barnaverndar;
- áfallaáætlun og verklagi vegna sjálfsskaða eða sjálfsvígshættu;
- persónuverndarstefnu skólans og sveitarfélagsins.

Heimildir og lagagrundvöllur

- Aðalnámskrá grunnskóla, einkum ákvæði um forvarnir, heilsueflingu og skólabrag.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008, einkum 29. og 30. gr.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.
- Reglur um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.